

Hverfisráð Hríseyjar

56. fundur.

Miðvikudaginn 29.júní 2011 kl. 16:00 var 56. fundur Hverfisráðs Hríseyjar haldinn í Hlein
Mætt voru: Kristinn F. Árnason, Þróstur Jóhannsson og Guðrún Þorbjarnardóttir.

Opinn fundur Umhverfisnefndar Akureyrakaupstaðar Í Hrísey.

Umhverfisnefnd hélt fund hér í Hrísey 28 júní, fundurinn var illa auglýstur að mati Hverfisráðs og einnig var fundartími mjög óheppilegur en hann var kl. 14:00-15:00. Formaður Hverfisráðs er varamaður í umhverfisnefnd og sat fund hjá nefndinni þann 14.júní sl. Þegar fundurinn í Hrísey var ákveðinn, og kom hann þá með þá tillögu að hafa fundinn kl. 16:00. Ekkert samráð var svo haft við Hverfisráðið með auglýst fundarefni eða fundarboð og harnar Hverfisráð það.

En þetta er nú alfarið í höndum Umhverfisnefndar og kemur kannski ekki Hverfisráði við en þetta fór þó þannig að ekki einn einasti hverfisráðsmaður mætti þar sem þetta fór framhjá nefndarmönnum og stóð formaður alltaf í þeirri meiningu að fundur hæfist kl. 16:00.

Hverfisráð harnar eins og áður sagði þessi mistök og beinir tilmælum til allra fastanefndar Akureyrakaupstaðar að skipuleggja svona fundarhöld í samráði við Hverfisráðið en þakkar um leið Umhverfisnefndini fyrir komuna og sýna metnað sinn í því að halda fundi hér í Hrísey.

Moltuframléiðsla Hríseyjar.

Í umræðunni hefur verið ræddur sá möguleiki að hætta að molta lífrænan úrgang hér í Hrísey í sparnaðarskyni. Þessu mótmælir Hverfisráð harðlega og sér ekki sparnaðin sem er gert ráð fyrir að geti orðið við það að flytja lífrænanúrgang úr eyjuni og óskar Hverfisráð eftir því að fá tölur um kostnað við það að molta í Hrísey og hins vegar að flytja úrganginn í land. Þetta mál hefur ekki komið inná borð Umhverfisnefndar formlega og skorar Hverfisráð á nefndina að standa með Hríseyingum um að moltugerð verði áfram í Hrísey.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30.

Kristinn Árnason formaður
Þróstur Jóhannsson
Guðrún Þorbjarnardóttir.

